

Fundur í Nemendafélagi Heiðarskóla 8. september kl. 8:10

Mættir: Aldís, Arna Rún, Guðbjörg, Páll, Oddur, Ólöf, Valgarður, Þóra Kristín, Ísabella Rós og Sigga Lára sem ritaði fundargerð.

1. Hlutverk Nemendafélagsins: Nýir fulltrúar boðnir velkomnir og þeim kynnt hlutverk félagsins.
2. Aðgerðaráætlun innleiðing Menntastefnu Hvalfjarðarsveitar: Áætlunin kynnt og fulltrúum leist vel á og vildu engu við bæta eða breyta.
3. Salerni: Umræður um hvort merkja ætti salerni á unglíngastigi líkt og gert var á miðstigi á síðasta skólaári með góðum árangri. Umræður og ákveðið að eitt salerni verði merkt fyrir stráka og eitt fyrir stelpur og stálp.
4. Reglur á fótboltavellinum: Margar tillögur komu fram t.d. fyrstur kemur fyrstur fær, jákvæð menning, sýna virðingu á vellinum, ekki vera tapsár, kennari alltaf á staðnum eða kennari ekki á staðnum. Fáir að spila núna á miðstigi og því gaman ef það mætti bjóða með sér. Fulltrúar beðnir um að ræða málin í sínum hópum og koma með tillögur um reglur á fótboltavellinum á næsta fund. Þar til gilda eldri reglurnar.
5. Væntanlegir nemendur: Skólastjóri upplýsti fulltrúa um að von væri á fleiri nemendum í skólann í vetur. Um er að ræða börn sem koma til með að búa á Hótel Glym og eru í hópi umsækjenda um alþjóðlega vernd. Ekki vitað á þessari stundu hversu mörg börnin verða. Við tökum vel á móti nýjum nemendum í Heiðarskóla hér eftir sem hingað til.
6. Skólareglur: Farið yfir skólareglur. Spurt af hverju áfengi sé ekki tilgreint í reglunni: Við erum laus við vímuefni, rafrettur og tóbak. Reglan gæti þá verið eftirfarandi: Við erum laus við rafrettur, tóbak og vímuefni, þ.á.m. áfengi. Að öðru leiti voru fulltrúar samþykkir reglunum.
7. Önnur mál:
 - Óskað eftir skyndihjálparnámskeiði fyrir nemendur – skólastjóri skoðar það t.d. fyrir unglíngasmiðju á skólaárinu.
 - Væri hægt að hafa hjúkrunarfræðinginn alla daga í skólanum? Gott að hafa hjúkrunarfræðing því nemendur geta leitað til hans með alls kyns málefni. Skólastjóri upplýsti að það gengi örugglega ekki. Almennt er mikil ánægja á meðal starfsfólks og nemenda með viðveru hjúkrunarfræðings einn dag í viku í Heiðarskóla. Það er mikil framför frá því sem áður var.
 - Fulltrúar úr unglíngadeild bentu á að mætingarregla í íþróttum á unglíngastigi væri óþægileg. Reglan er sú að ef viðkomandi mætir 5 mínútum of seint fær hann ekki að mæta í tímann. Bent var á að klukkur væru ekki samstilltar á svæðinu, oft tæki lengri tíma að koma sér á milli húsa, fara í íþróttaföt o.fl. Einnig var bent á að mætingarreglan væri góð og ekki þyrfti að endurskoða hana. Því ljóst að skiptar skoðanir eru um málið.

- Bent á að það ætti að vera skylda að allir nemendur væru í sérstökum íþróttafötum í íþróttatímum. Eitthvað væri um að nemendur væru ekki að skipta um föt fyrir og eftir tíma.
- Miðstig mætir stundum of snemma í hádegismat. Skólastjóri benti á að unglingar gerðu það stundum líka. Skólastjóri ræðir við kennara og biður þá um að passa upp á að nemendur á öllum stigum mæti ekki of snemma í hádegismat.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 8:56